

SJÁLFSTÆÐ RITUN

(independent writing)


Aldurshópur

Allir aldurshópar

Um sjálfstæða ritun

Sjálfstæð ritun er fjórða skrefið í stigskiptum stuðningi; nemandi framkvæmir og kennari fylgist með. *Sjálfstæða ritunin* gefur nemendum tækifæri til að prófa og fá þjálfun í því sem þeir hafa lært í *sýnikennslunni*, *sameiginlegu rituninni* og *leiðsagnarrituninni*. Það hefur mikið að segja að nemendur hafi fengið kennslu í aðferðum ritunar áður en þeim er fengið það verkefni að skrifa sjálfstætt þannig að þeir hafi þau verkfæri sem til þarf við framkvæmdina. Nemendur geta samt sem áður skrifað sjálfstætt á öllum stigum ritunarferilsins.

Mikilvægt er að skipuleggja tíma fyrir sjálfstæða ritun í stundatöflu nemenda. Þegar nemendur vita hvenær og hversu langan tíma þeir muni fá fyrir ritun þá geta þeir skipulagt sig og gert sér í hugarlund hvað þeir ætli að skrifa næst. Þannig fá þeir líka tíma, fyrir utan ritunartímann þar sem þeir hugsa um ritunina sem þeir eru að vinna að og fá nýjar hugmyndir.



Ef nemendur eiga að fá tækifæri til að gera sitt besta verða þeir að fá góðan samfelldan tíma til að skrifa oftast einu sinni eða tvisvar í viku. Þetta er rétt eins og að æfa íþrótt. Ef við skokkum einu sinni í viku þá er næsta skipti jafn erfitt og það síðasta og engar framfarir eiga sér stað. En ef við skokkum á hverjum degi þá verður það auðveldara með degi hverjum, við finnum taktinn og hlaupalagið sem hentar okkur. Það sama á við um ritun.

Þrátt fyrir að nemendur geti skrifað sjálfstætt heldur kennari áfram með *sýnikennslu*, *sameiginlega ritun* og *leiðsagnarritun* þar sem haldið er áfram að byggja á grunninum og farið í fleiri atriði ritunar eins og nemendur hafa þroska og getu til. Þetta er auðvelt að framkvæma ef kennarinn fær til sín lítinn hóp nemenda á meðan aðrir nemendur sinna sjálfstæðri ritun.

Sjálfstæð ritun er fjórða og síðasta skrefið stigskiptum stuðningi við ritun, nemandi gerir og kennari fylgist með.

Framkvæmd

- Kennari ákveður hvenær í stundatöflu nemenda hann ætlar að hafa sjálfstæða ritun. Gott er að miða við að gefa nemendum að lágmarki 30 mínútur þrisvar sinnum í viku.
- Á sama tíma og nemendur eru í sjálfstæðri ritun gengur kennarinn annað hvort á milli nemenda og ræðir við þá um vinnu þeirra (ritunarsamtöl) eða hann fær til sinn lítinn hóp nemenda í *sýnikennslu*, *sameiginlega ritun* eða *leiðsagnarritun*.
- Kennari styður líka við ritun nemenda sinna með því að bjóða upp á sjálfsmatslista og tækifæri fyrir nemendur til að spjalla saman um sína ritun.
- Kennari veitir nemendum reglulega tækifæri til að deila loknu verki með öðrum nemendum og fá endurgjöf á ritsmíðar sínar.